

Fundur 12. október með Sveinbirni Björnssyni varðandi útmörk háhitasvæði sem eru til mats í rammaáætlun 2. Tómas Þór Tómasson starfsmaður rammaáætlunar 2 var til halds og trausts.

Við hittumst á Orkustofnun og fórum kerfisbundið yfir háhitasvæðin eins og þau eru nú mörkuð á OS-kortavefsjá rammaáætlunar. Þar eru þau afmörkuð á grundvelli viðnáms á ca. 800 m dýpi, þar sem hefur verið viðnámsmælt. Annars á grundvelli virks jarðhita á yfirborði. Faghópur 1 hefur síðan fært inn útmörk, oftast ríflega það sem viðnámsmælingar sýna, og er það þá svæðið sem til mats er á viðkomandi háhitasvæði.

Athugasemdir SvB og MÓ:

1. Reykjanes – Sandvík. Laga austurmörk (draga beina línu)
2. Eldvörp – Svartsengi. Fella saman afmörkun til mats og viðnámslínu
3. Krýsuvíkursvæði. Hafa allt Kleifarvatn innan afmarkaðs svæðis. Athuga nýlegar viðbótar viðnámsmælingar (Gylfi Páll Hersir og Ragna Karlsdóttir)
4. Brennisteinsfjöll. Þau eru hluti af stærri heild þó viðnámsmælingar sýni lítið svæði. Líklega væri rétt að færa útmörk út yfir gíga og nýlega eldvirkni, e.t.v. 5 km út frá viðnámslínu
5. Hengill. Athuga nýlegar viðnámsmælingar (heimasíða rammaáætlunar eða Ragna Karlsdóttir). Taka allt Skálafell og svæði sunnan þess með, bein lína frá Kambabrún suður fyrir Skálafell. SvB telur nauðsynlegt að taka Nesjavelli með, óaðskiljanlegur hluti Hengilsins.
6. Geysir. Stækka mörk matsvæðis til suður yfir Almenna, sem eru friðaðir (eitt af fáum ósnortnum votlendum)
7. Kerlingarfjöll. Athuga nýjar viðnámsmælingar (Ragna Karlsdóttir). Hafa þverfell innan matsvæðis.
8. Hveravellir. Ok
9. Torfajökull. Laga samræmi milli viðnámslínu og afmarkaðs matsvæðis
10. Hágöngur (Köldukvíslarbotnar). Ok
11. Vonarskarð. Ok
12. Kverkfjöll. Ok
13. Askja. Ok
14. Hrúthálsar. Ok
15. Fremrinámar. Ok, en athuga viðnámslínu á OS-kortavefsjá
16. Námafjall – Bjarnarflag. Laga suðurmörk og hafa Hverfell og Ytri flóa með. Heitt afrennsli frá Bjarnarflagi hefur áhrif í Ytri flóa.
17. Krafla. Laga norður og vestur útmörk miðað við viðnámslínu.
18. Gjástykki. Ok
19. Þeistareykir. Ok

Magnús Ólafsson